

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sýrland, nr. 456/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.46 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/406 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 1.46.

2.54 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/407 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 2.54.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.46.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/406
frá 24. febrúar 2025
um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024, í kjölfar falls stjórnar al-Assad forseta í Sýrlandi, lagði leiðtoga-ráðið áherslu á sögulegt tækifæri til að sameina og endurbyggja landið og undirstrikaði mikilvægi þess að pólitískt ferli tæki tillit til allra og væri leitt af Sýrlendingum ásamt því að koma til móts við réttmætar væntingar sýrlensku þjóðarinnar, í samræmi við grundvallarreglur ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2254 (2015).
- 3) Í ljósi falls stjórnar al-Assads, sem bar ábyrgð á ofbeldisfullri kúgun á óbreyttum borgurum í Sýrlandi, og í kjölfar þess að leiðtogaráðið bauð framkvæmdastjórninni og æðsta fulltrúanum að leggja fram valkosti um aðgerðir til stuðnings Sýrlandi hefur ráðið endurskoðað þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2013/255/SSUÖ.
- 4) Á grundvelli þessarar endurskoðunar og með það fyrir augum að hvetja til umskipta fyrir alla í Sýrlandi og styðja við veitingu mannúðaraðstoðar, efnahagslega endurreisn, enduruppbyggingu og stöðugleika, sem og að auðvelda sýrlenskum ríkisborgurum að snúa aftur til Sýrlands með eigin sínar, telur ráðið að fella beri nokkrar þvingunaraðgerðir tímabundið úr gildi.
- 5) Til að tryggja skilvirkni tímabundinnar niðurfellingar þvingunaraðgerðanna telur ráðið að fjarlægja ætti sex rekstrareiningar af skránni yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem frysting fjármuna og efnahagslegs auðs tekur til. Frysta ætti áfram eignir einnar af þessum rekstrareiningum.
- 6) Í þessu tilliti telur ráðið einnig rétt að innleiða tiltekna undanþágur frá banninu við því að koma á millibankatengslum milli sýrlenskra banka og fjármálastofnana innan yfirráðasvæða aðildarríkja.
- 7) Enn fremur ætti ráðið að innleiða undanþágu frá banninu við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi munaðarvara til Sýrlands.
- 8) Til að styrkja viðleitni sem miðar að því að veita mannúðaraðstoð, endurreisa efnahagslífið, enduruppbyggingu og koma á stöðugleika ætti ráðið að fjarlægja tilvísun í lokadagsetningu á undanþágu af mannúðarástæðum, eins og lýst er í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1496⁽²⁾, sem varðar undanþágu frá aðgerðum varðandi frystingu eigna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem tilgreindar eru samkvæmt ákvörðun 2013/255/SSUÖ, og frá takmörkunum á því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan þeim, til hagsbóta fyrir tiltekna flokka aðila.
- 9) Ráðið mun fylgjast náið með þróuninni í Sýrlandi, einkum að því er varðar áhyggjur sem látnar voru í ljós í ályktunum leiðtogaráðsins frá 19. desember 2024 um að kanna tilhlýðileika áframhaldandi tímabundinnar niðurfellingar á og undanþága frá þvingunaraðgerðunum sem um er að ræða.
- 10) Í þessu samhengi vekur ráðið athygli á að takast ætti á við afmörkun hafsvæða með samtali og samninga-viðræðum í góðri trú, í fullu samræmi við alþjóðalög og í samræmi við meginregluna um góð samskipti nágrannaþjóða. Öll brot á fullveldisréttindum nágrannarríkja innan hafsvæða þeirra í samræmi við hafrétt fá tilhlýðilega umfjöllun í tengslum við stöðuga endurskoðun þvingunaraðgerðanna.
- 11) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í þessari ákvörðun í framkvæmd.
- 12) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/255/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2013/255/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út munaðarvörur til Síðlands, eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja, noti til þess skip sem sigla undir fána þeirra eða loftför þeirra, hvort sem vörurnar eru upprunnar á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

2. Bannið sem er sett fram í 1. mgr. gildir ekki um starfsemi sem þar er getið að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur munaðarvara sé til einkanota einstaklinga sem ferðast frá Evrópusambandinu eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim, og takmarkast við persónulega muni, heimilisbúnað eða ökutæki í eigu þessara einstaklinga og ekki ætluð til sölu í Síðlandi.“

2) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 22. gr.:

„3. Bönnin sem eru sett fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið að því tilskildu að slík starfsemi, þ.m.t. viðbótarstarfsemi, sé í þeim tilgangi að veita almenningi í Síðlandi aðstoð að því er varðar tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, aðstoð við veitingu grunnþjónustu eða hafi annan tilgang í þágu borgaranna.

4. Bönnin sem eru sett fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið að því tilskildu að slík starfsemi, þ.m.t. viðbótarstarfsemi, sé í þeim tilgangi að veita almenningi í Síðlandi aðstoð að því er varðar enduruppbyggingu og stöðugleika, aðstoð við að hefja á ný eðlilega atvinnustarfsemi, uppbyggingu stofnana og veitingu grunnþjónustu eða hafi annan tilgang í þágu borgaranna.

5. Bönnin sem eru sett fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið að því tilskildu að hún sé innt af hendi í tengslum við starfsemi sem um getur í 5. gr., 7. gr. a, 8. gr., 11. gr., 14. gr., 17. gr. eða 25. gr.“

3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 28. gr.:

„16. Allir fjármunir, aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður, sem með beinum eða óbeinum hætti tilheyrir, eða er í eigu, vörslu eða undir stjórn rekstrareininga sem eru á skrá í III. viðauka og var frystur frá og með 27. febrúar 2012, skal frystur áfram.“

4) Í 1. mgr. 28. gr. a eru orðin „fyrr en 1. júní 2025“ felld brott.

5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„28. gr. b

Fella skal niður tímabundið þær aðgerðir sem eru settar fram í eftirfarandi greinum: 5. gr. 6. gr., 7. gr. a, 8. gr., 10. gr., 11. gr., 14. gr., 16. gr., 17. gr. og 25. gr.“

6) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

Tilgreindum aðilum eða rekstrareiningum, sem eru á skrá í I., II. og III. viðauka eða öðrum einstaklingum eða rekstrareiningum í Síðlandi, m.a. ríkisstjórn Síðlands, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og skrifstofum eða aðilum eða rekstrareiningum, sem gera kröfur á vegum eða í þágu fyrnefndra aðila eða rekstrareininga, skal óheimilt að gera nokkrar kröfur, þ.m.t. kröfur um bætur, skaðleysisgreiðslur eða aðrar kröfur af því tagi, t.d. kröfu um jöfnun, sektir eða kröfu samkvæmt tryggingu, kröfur um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar, þ.m.t. kröfur sem stofnast vegna kreditbréfa og sambærilegra gerninga í tengslum við samninga eða viðskipti sem hvað framkvæmd varðar urðu fyrir áhrifum, beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta til, vegna ráðstafana sem ákvörðun þessi tekur til.“

7) Í stað 1. mgr. 30. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Ráðið skal, að fram kominni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, ákveða og gera breytingar á skránum í I., II. og III. viðauka.“

8) Í stað 31. gr. kemur eftirfarandi:

„31. gr.

1. Í I., II. og III. viðauka skulu koma fram ástæður þess að þeir aðilar og rekstrareiningar, sem um getur þar, eru færð á skrá.

2. Í I., II. og III. viðauka skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi aðila eða rekstrareiningar. Að því er aðila varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilis-

fang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er rekstrareiningar varðar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

9) Í stað 34. gr. kemur eftirfarandi:

„34. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir til 1. júní 2025. Hún skal vera til stöðugar endurskoðunar. Heimilt er að framlengja hana eða breyta henni, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

2. Með fyrirvara um niðurstöðu endurskoðunarinnar sem um getur í 1. mgr. skal framlenging tímabundinnar niðurfellingar, sem um getur í 28. gr. b, að því er varðar 5. gr., 6. gr., 7. gr. a, 8. gr., 10. gr., 11. gr., 14. gr., 16. gr., 17. gr. og 25. gr., endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða æðsta fulltrúans með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ráðið undirstrikar mikilvægi þess að koma í veg fyrir að brotið sé á fullveldisréttindum aðildarríkja innan hafsvæða þeirra í samræmi við hafrétt. Öll slík brot skulu, að beiðni aðildarríkis, þegar í stað koma af stað umræðu um afturköllun á tilslökunum á þvingunaraðgerðum, í tengslum við stöðuga endurskoðun þvingunaraðgerðanna.“

10) Viðaukunum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

(¹) Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).

(²) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1496 frá 27. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2024/1496, 28.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1496/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/406/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.54.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/407****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 36/2012
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/406 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ⁽²⁾ og 18. janúar 2012 samþykkti það reglugerð (ESB) nr. 36/2012⁽³⁾ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi. Þetta var í kjölfar samþykktar ályktana ráðsins þar sem ráðið fordæmdi ofbeldi og viðtæk og kerfisbundin gróf mannréttindabrot í Sýrlandi.
- 2) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024, í kjölfar falls stjórnar al-Assad forseta í Sýrlandi, lagði leiðtoga-ráðið áherslu á hið sögulega tækifæri til að sameina landið á ný og endurbyggja það og undirstrikaði mikilvægi þess að í hinu pólitíska ferli væri tekið tillit til allra og að Sýrlendingar leiddu það og að komið væri til móts við réttmætar væntingar sýrlensku þjóðarinnar, í samræmi við grundvallarreglur ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2254 (2015).
- 3) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2013/255/SSUÖ mat ráðið það svo að rétt þyki að fella tímabundið úr gildi nokkurn fjölda atvinnutengdra og stakra ráðstafana, innleiða ákveðnar undanþágur, sem og að fella niður lokadagsetningu gildistíma undanþága frá aðgerðum af mannúðarástæðum, í því skyni að hvetja til breytingar fyrir alla í Sýrlandi og styðja við veitingu mannúðaraðstoðar, efnahagslega endurreisn, enduruppbyggingu og stöðugleika, sem og að auðvelda sýrlenskum ríkisborgurum að snúa aftur til Sýrlands með eigin sínar. Í þessu skyni samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/406 hinn 24. febrúar 2025.
- 4) Ráðið mun fylgjast náið með þróuninni í Sýrlandi, einkum að því er varðar áhyggjur sem látnar voru í ljós í ályktun leiðtogaráðsins frá 19. desember 2024 um tilhlýðileika áframhaldandi tímabundinnar niðurfellingar á og undanþága frá þvingunaraðgerðunum sem um er að ræða.
- 5) Í þessu samhengi vekur ráðið athygli á að takast ætti á við afmörkun hafsvæða með samtali og samninga-viðræðum í góðri trú, í fullu samræmi við alþjóðalög og í samræmi við meginregluna um góð samskipti nágrannahjódna. Öll brot á fullveldisréttindum nágrannaríkja innan hafsvæða þeirra í samræmi við hafrétt fá tilhlýðilega umfjöllun í tengslum við stöðuga endurskoðun þvingunaraðgerðanna.
- 6) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 36/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 36/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. a

Fresta skal beitingu eftirfarandi ákvæða: Greinar 6, 6a, 6b, 7, 7a, 8, 9, 9a, 10, 11, 12, 13, 13a, 21a, 21b og 26a.“

- 2) Í stað fyrirsagnarinnar í 6. gr. kemur eftirfarandi:

*„6. gr. (*1)*

(*1) Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“

- 3) Í stað fyrirsagnarinnar í 6. gr. a kemur eftirfarandi:
„6. gr. a^{(*)2}
(*)2 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 4) Í stað fyrirsagnarinnar í 6. gr. b kemur eftirfarandi:
„6. gr. b^{(*)3}
(*)3 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 5) Í stað fyrirsagnarinnar í 7. gr. kemur eftirfarandi:
„7. gr.^{(*)4}
(*)4 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 6) Í stað fyrirsagnarinnar í 7. gr. a kemur eftirfarandi:
7. gr. a^{(*)5}
(*)5 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 7) Í stað fyrirsagnarinnar í 8. gr. kemur eftirfarandi:
„8. gr. ^{(*)6}
(*)6 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 8) Í stað fyrirsagnarinnar í 9. gr. kemur eftirfarandi:
„9. gr. ^{(*)7}
(*)7 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 9) Í stað fyrirsagnarinnar í 9. gr. a kemur eftirfarandi:
„9. gr. a^{(*)8}
(*)8 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 10) Í stað fyrirsagnarinnar í 10. gr. kemur eftirfarandi:
„10. gr.^{(*)9}
(*)9 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 11) Í stað fyrirsagnarinnar í 11. gr. kemur eftirfarandi:
„11. gr. ^{(*)10}
(*)10 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 12) Í stað 2. mgr. 11. gr. b kemur eftirfarandi:
„2. Bannið sem vísað er til í 1. mgr. gildir ekki um vörur sem eru á skrá í X. viðauka ef slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur er til einkanota einstaklinga sem ferðast frá Evrópusambandinu eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim og takmarkast við persónulega muni, heimilisbúnað eða ökutæki í eigu þessara einstaklinga og eru ekki ætluð til sölu í Sýrlandi.“
- 13) Í stað fyrirsagnarinnar í 12. gr. kemur eftirfarandi:
„12. gr.^{(*)11}
(*)11 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 14) Í stað fyrirsagnarinnar í 13. gr. kemur eftirfarandi:
„13. gr.^{(*)12}
(*)12 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 15) Í stað fyrirsagnarinnar í 13. gr. a kemur eftirfarandi:
„13. gr. a^{(*)13}
(*)13 Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“
- 16) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „2a. Frysta skal áfram alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn rekstrareininga, sem eru á skrá í II. viðauka b og eru staðsettar utan Sýrlands frá og með 27. febrúar 2012.“
- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Þátttaka, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi, sem miðar að því eða hefur þau áhrif, beint eða óbeint, að þær aðgerðir er um getur í 1., 2. og 2. mgr. a séu sniðgengnar, er bönnuð.“
- 17) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „b) Í II. viðauka a og II. viðauka b skal vera skrá yfir rekstrareiningar sem ráðið hefur, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. ákvörðunar 2011/782/SSUÖ, tilgreint sem rekstrareiningar sem tengjast aðilum eða rekstrareiningum sem bera ábyrgð á ofbeldisfullri kúgun á óbreyttum borgurum í Sýrlandi, eða aðilum og rekstrareiningum sem hafa notið góðs af eða stutt stjórnina, og sem 21. gr. þessarar reglugerðar skal gilda um.“
- b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Í II. viðauka, II. viðauka a og II. viðauka b skal tilgreina ástæður þess að viðkomandi aðilar, rekstrareiningar og stofnanir eru færð á skrá.“
- c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Í II. viðauka, II. viðauka a og II. viðauka b skulu einnig koma fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“
- 18) Í stað 1. mgr. 16. gr. a kemur eftirfarandi:
- „1. Bannið sem sett er fram í 1. og 2. mgr. 14. gr. gildir ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:
- a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
 - b) alþjóðastofnana,
 - c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
 - d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna vegna flóttafólks, öðru ákalli Sameinuðu þjóðanna eða klósum á sviði mannúðarmála sem samhfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,
 - e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmæðferð,
 - f) sérstofnana aðildarríkjanna eða
 - g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.“
- 19) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. og að því tilskildu að greiðslu aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í II. viðauka, II. viðauka a eða II. viðauka b, eigi að inna af hendi samkvæmt samningi eða samkomulagi, sem viðkomandi aðili, rekstrareining eða stofnun gerði, eða samkvæmt skuldbindingu, sem honum eða henni bar að sinna fyrir þann dag er fyrrnefndur aðili, rekstrareining eða stofnun var tilgreind, geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sbr. vefsetrin sem eru á skrá í III. viðauka, samkvæmt þeim skil-

yrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að greiðslan berist ekki beint eða óbeint til aðila eða rekstrareiningar sem um getur í 14. gr.“

- 20) Í stað fyrirsagnarinnar í 21. gr. a kemur eftirfarandi:

„21. gr. a^{(*)14})

(^{*)14}) Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“

- 21) Í stað fyrirsagnarinnar í 21. gr. b kemur eftirfarandi:

„21. gr. b^{(*)15})

(^{*)15}) Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“

- 22) Í stað 25. gr. a kemur eftirfarandi:

„25. gr. a

1. Bönnin sem eru sett fram í 25. gr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið, að því tilskildu að slík starfsemi, þ.m.t. viðbótarstarfsemi, sé unnin í þeim tilgangi að veita almenningi í Sýrlandi aðstoð, að því er varðar tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, aðstoð við veitingu grunnþjónustu eða hafi annan tilgang í þágu borgaranna.

2. Bönnin sem eru sett fram í 25. gr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið, að því tilskildu að slík starfsemi, þ.m.t. viðbótarstarfsemi, sé unnin í þeim tilgangi að veita almenningi í Sýrlandi aðstoð að því er varðar enduruppbyggingu og stöðugleika, aðstoð við að hefja á ný eðlilega atvinnustarfsemi, uppbyggingu stofnana og veitingu grunnþjónustu eða hafi annan tilgang í þágu borgaranna.

3. Bönnin sem sett eru fram í 25. gr. gilda ekki um starfsemi sem þar er getið, að því tilskildu að slík starfsemi, þ.m.t. viðbótarstarfsemi, sé unnin í tengslum við:

- a) innflutning hráolíu eða jarðolíuafurða frá Sýrlandi til Sambandsins, kaup á hráolíu eða jarðolíuafurðum frá Sýrlandi eða flutning hráolíu eða jarðolíuafurða frá Sýrlandi,
- b) þátttöku í smíði eða uppsetningu nýrra virkjana fyrir rafmagnsframleiðslu í Sýrlandi,
- c) stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni með veitingu lána til eða með því að auka hlutdeild í sýrlenskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem fæst við leit, framleiðslu eða hreinsun hráolíu eða smíði eða uppsetningu nýrra virkjana fyrir rafmagnsframleiðslu í Sýrlandi,
- d) sölu, tilflutning eða útflutning þotueldsneytis eða íblöndunarefnis í þotueldsneyti til sýrlensks aðila eða til notkunar í Sýrlandi,
- e) veitingu aðgangs að flugvöllum í Sambandinu eingöngu fyrir farmflug sem sýrlenskir flutningsaðilar reka,
- f) útflutning nýrra sýrlenskra peningaseðla eða sleginnar myntar til Seðlabanka Sýrlands, og alla tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun og fjárhagsaðstoð í tengslum við þessa starfsemi.“

- 23) Í stað fyrirsagnarinnar í 26. gr. a kemur eftirfarandi:

„26. gr. a^{(*)16})

(^{*)16}) Beitingu þessa ákvæðis er frestað skv. 1. gr. a í þessari reglugerð.“

- 24) Í stað a-liðar í 1. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„a) tilgreindum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru á skrá í II. viðauka, II. viðauka a eða II. viðauka b,“.

- 25) Ákvæðum 32. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ákveði ráðið að þær aðgerðir, sem um getur í 14. gr., skuli varða einstakling, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun skal það gera viðeigandi breytingar á II. viðauka, II. viðauka a eða II. viðauka b.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Endurskoða skal skrámar í II. viðauka, II. viðauka a og II. viðauka b með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/406, 25.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/406/oj>.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 36/2012 frá 18. janúar 2012 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Sýrlandi og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 442/2011 (Stjtið. ESB L 16, 19.1.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/36/oj>).